

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum
(tenging minni virkjana við dreifikerfi raforku).

Frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pétur Eini Þórðarson og Tryggva Þór Haraldsson frá RARIK ohf.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á raforkulögum í því skyni að auka möguleika smá-
virkjana á að tengjast dreifikerfi raforku.

Til nánari útfærslu leggur nefndin til tvenns konar breytingar á 2. gr. frumvarpsins.
Annars vegar er lagt til að notkunarstaður skuli tengjast virkjuninni á lágspennu og hins
vegar að afsláttur taki mið af þeirri notkun sem samsvari vinnslu virkjunar á hverjum tíma.

Kristján L. Möller og Þorsteinn Sæmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en
rita undir álit þetta skv. 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr.

- a. Við 1. efnismálsl. bætist: ef notkunarstaður tengist virkjun um lágspennu.
- b. Við 2. efnismálsl. bætist: vegna þeirrar notkunar sem samsvarar vinnslu virkjunar á
hverjum tíma.

Alþingi, 25. apríl 2016.

Jón Gunnarsson,
form.

Haraldur Benediktsson,
frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Ásmundur Friðriksson.

Björt Ólafsdóttir.

Kristján L. Möller.

Páll Jóhann Pálsson.

Þorsteinn Sæmundsson.

Þórunn Egilsdóttir.